

Vorfundur Delta deildar haldinn í Reykholti miðvikudaginn

2. Júní, haldinn í nýju og fallegu húsi Dagnýjar Emilsdóttur og Geirs Waage í Reykholti.

13 Deltakonur voru mættar: Halldóra Jónsdóttir, Brynja Helgadóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Jónína Eiríksdóttir, Dagný Emilsdóttir, Sjöfn Vilhjálmsdóttir, Sóley Sigþórsdóttir, Ásta Egilsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir og Elísabet Jóhannesdóttir.

Dagný sýndi okkur nýja húsið sitt og bauð fundarkonum kaffi og konfekt.

Formaður Delta deildar Jónína Erna Arnardóttir kveikti á kertunum og setti fund. Síðan gaf hún Jónínu Eiríksdóttir fráfarandi formanni orðið. Jónína las upp skýrslu stjórnar, síðustu tveggja ára 2019-2021, þar sem lítið hefur verið um fundi s.l. 2 ár vegna Covid. Jónína minntist Kristínar Thorlasíus, sem lést 2019.

Jónína þakkaði fráfarandi stjórnarkonum, með því að afhenda þeim rós, einnig þakkaði hún vefaranum Ástu Egilsdóttir, sem hefur unnið mjög vel í að endurbæta vef deildarinnar, ásamt Guðlaugu Sverrisdóttur.

Jónína sagði að framkvæmdarráð deildarinnar væri skipað stjórn, fyrrverandi formanni og gjaldkera, sem halda skal einn fund á ári.

Nýr formaður Jónína Erna Arnardóttir gefur Ástu Egilsdóttir orðið, sem kynnti uppfærða vefsíðu deildarinnar. Flest er komið inn en gera þarf átak í að koma myndasafni deildarinnar í gott horf. Hún lagði til að búin yrði til stutt frétt úr fundargerð til að setja inn á vefinn eftir hvern fund ásamt mynd. Einnig að stiklur úr sögu deildarinnar ásamt myndum yrði á vefnum undir liðnum Saga Deltadeildar. Tillögur komu fram á fundinum um að setja inn lið með tenglum inn á áhugaverðar greinar og skjali undir liðnum Deildarstarfið þar sem farið yrði yfir

markmið hvers starfsárs og metið hvernig til tókst. Viðburðadagatal er á vef okkar eins og er á forsíðu landsambandsins.

Ástu var þakkað fyrir góða vinnu með vefinn ásamt Guðlaugu Sverrisdóttur.

Jónína formaður gaf síðan Sóleyju gjaldkera orðið, sem dreifði ársreikningi Deltadeildar fyrir starfsárin 2018 -2020. Ársreikningarnir voru bornir upp til atkvæðagreiðslu og samþykktir samhljóða.

Jónína Eiríksdóttir afhenti nýjum formanni formannsnælu og stakk upp á að deildin kaupi formannsnælur og afhendi nýjum formanni.

Halldóra Jónsdóttir flutti Orð til umhugsunar, hún talaði um að Covid hafi kennt okkur m.a. hvað vináttan og nálgunin er mikilvæg.

Halldóra ræddi líka um læsi barna og mikilvægi lesturs, svo og áskorunina að ná fólki aftur inn á bókasöfnin. Halldóra las síðan nokkur ljóð upp úr nýrri ljóðabók systkinanna Þórarins og Sigrúnar Eldjárn, Rím og roms.

Jónína Erna formaður sleit fundi kl: 19:30. Haldið var á Fosshótelið í Reykholti, þar sem borðaður var yndælis kjúklingaréttur. Hapadrætti deildarinnar var á sínum stað og það var Jónína Erna sem var sú heppna í þetta sinn.

Elísabet Jóhannesdóttir